

## Fundur í skólaráði 11. september 2020

### Fundargerð

Mættir: Dögg fulltrúi foreldra, Ólafur fulltrúi foreldra, Ottó fulltrúi kennara, Guðrún fulltrúi kennara, Kristófer Nökkvi fulltrúi nærsamfélags (frístund), Iðunn fulltrúi nemenda, Kristín skólastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Fundað var gegnum fjarfundabúnað.

Kynntir voru nýjir fulltrúar í skólaráði, fulltrúar kennara. Sitja þeir til næstu tveggja ára. Hafði þeim þegar verið send Handbók um skólaráð og reglugerð um skólaráð og þótti því ekki ástæða til að fara nánar yfir hlutverk ráðsins. Kjósa þarf einn fulltrúa fh. nemenda þar sem fulltrúinn sem átti sæti í ráðinu á síðasta skólaári er útskrifaður.

Skólastjóri kynnti drög að starfsáætlun ráðsins. Hafði hún ekki borist fulltrúa frístundar. Að öðru leiti var ekki gerð athugasemd við hana.

Rætt var um 90 ára afmæli skólans sem fyrirhugað var að halda upp á 19. september. Ljóst er að af því getur ekki orðið sakir takmarkana á samkomum vegna farsóttar. Var skólaráð á einu máli um að fresta skyldi hátíðinni til vors. Ekki væri raunhæft að reikna með því að hægt væri að halda hana á þessu ári.

Þessu næst voru tekin upp málefni líðandi stundar:

Fulltrúi foreldra spurði hvernig gengi með sóttvarnir og hólfanir innan skólans. Svöruðu kennarar því til að það gengi vel. Spritt er í hverri kennslustofu, við innganga, framan við mótuneyti, við handlaugar á göngum og á salernum. Fram kom að sóttvörnum er mjög vel sinnt í yngri deildum. Í unglingadeild virðist nemendum frekar treyst til að sinna þessu að eigin frumkvæði. Foreldri benti á að rétt væri að beina því til foreldra að halda börnum sínum heima ef þau finndu fyrir flensueinkennum.

Fulltrúi foreldra benti á að nokkur skortur hefði verið á aðgangi að tíðarvörum. Svaraði skólastjóri því til að svo hefði verið en nú væri málið komið í skýrari farveg þannig að þetta ætti ekki að vanta í framtíðinni. Var rætt að mikilvægt væri að umsjónarkennarar einkum í 8. bekk segðu stúlkum frá því hvar þær gætu nálgast þetta.

Fulltrúi kennara óskaði eftir að ræða skólalóðina og var ákveðið að það mál yrði tekið á dagskrá á næsta fundi.

Ekki var fleira tekið fyrir. Fundi slitið.

Kristín Jóhannesdóttir.